

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kristjáns Eldjárns gítarleikara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristjáns Eldjárns gítarleikara. Kristján Eldjárn fæddist 16. júní 1972 og lést 22. apríl 2002. Sjóðurinn er stofnaður af Þórarni Eldjárn, Unni Ólafsdóttur og Eyrúnu Maríu Rúnarsdóttur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja og styrkja efnilega og framúrskarandi tónlistarmenn.

3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000, fengið með minningargjöfum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa Þórarinn Eldjárn, kt. 220849-3849, til vara Eyrún María Rúnarsdóttir, kt. 290572-4879, Jóel Pálsson, kt. 250572-3799, til vara Guðmundur Pétursson, kt. 061272-4619, og Valdimar Tryggvi Hafstein, kt. 121072-3519, til vara Atli Rafn Sigurðarson, kt. 160972-3279. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórn nema stofnendur, eða afkomendur þeirra eftir þeirra dag, ákveði annað. Hverfi menn úr stjórn eða varastjórn skulu stofnendur og þeir sem eftir sitja í stjórninni tilnefna nýjan stjórnarmann.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins, tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, vextir og arður af eignum sjóðsins og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir árlega af lög-giltum endurskoðanda og lagðir fyrir stjórn sjóðsins sem sendir þá Ríkisendurskoðun í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra stofnenda og stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki allra stofnenda og stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 21. mars 2003.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. apríl 2003.

F. h. r.

Stefán Eiríksson.

Drífa Pálsdóttir.